

KARLAR

Elska konur of mikið?

Það getur verið varasamt að elska manninn sinn of mikið. Yfirleitt hefnist konum grimmilega fyrir. Þannig er það alla vega í Ameríku.



eftir Bryndís Schram

Fyrir nokkrum árum kom út bók þar f landi undir nafninu „Elska konur of mikið?“. Hún er byggð á viðtölum við konur sem elska mjög mikið, en fá ekki ást sína endurgoldna. Og ekki nóg með það. Að launum fá þær barsmíðar og svívirðingar. Mennirnir þeirra leggja á þær hendur, berja þær í tíma og ótíma og leita á náðir annarra kvenna, sem elska þá ekki eins yfirmáta ofurheitt (konulausir geta þeir ekki verið!).

Þessar ólánsömu konur með þessa gífurlegu ástarþörf eiga það yfirleitt sameiginlegt að hafa verið óhamingjusamar í æsku, átt drykkfelldan föður og afskiptalaus móður. Ástin er þeirra deyfilyf.

Karlarnir í lífi þeirra reynast hins vegar óverðugir þessarar voldugu ástar. Yfirþyrmandi, alltumvefjandi væntumþykja hræðir þá og skelfir. Þeirra viðbrögð eru að berja frá sér, hlaupast á brott.

Mér kom í huga þessi bók, þegar ég hitti gamla vinkonu mína (að vestan) um daginn. Hún hefur átt í ógnarbasli með karlinn sinn að undanförunu. Gott ef hann er ekki hlaupinn að heiman með annarri. „Kannski elskaði ég hann of mikið,“ varð henni að orði. „Veistu það, að hann átti ekki seinu sinni sokka, hvað þá nærbuxur, til skiptanna þegar ég tók við honum. Það fyrsta sem ég gerði, auðvitað, var að kaupa nokkur pör. — Það var hræðileg fótafýla af manninum. Eftir vikuna sagðist hann ekki eiga fleiri. Nú, þvoðu þá flíkurnar, maður. — Hva, á ég að gera það? — Hann hafði aldrei þvegið þvott, hugsaðu þér. Mig munaði svo sem ekkert um að þvo af honum.“

Svo var hann óttalega matvandur, þessi elska. Borðaði ekki hitt og borðaði ekki þetta. Fannst laukur vondur, fannst ostur vondur. Og ég sem nota lauk í allan mat. Enda var ég fljót að venja hann af matvæðninni.

Það var í tisku á þessum árum að taka í nefið. Hræðilega subbulegt! Ég gat talið hann á að það væri miklu snyrtilegra að reykja bara sigarettur. Mér fannst líka leiðinlegt hvað hann drakk. Eins og þú veist er allt mitt fólk bindindisfólk. Enda drekkur hann aldrei heima. Og ekki hef ég verið að hnýsast í hvað hann gerir úti í bæ.

Ég veit það ekki, kannski giftist ég honum bara til að komast að heiman, verða frjál. Hann var ekkert, átti ekkert. Ég sá fyrir honum öll árin sem hann var í námi. Hann þurfti ekki að hafa neinar áhyggjur, hvorki af fjármálum né öðru. Æfði handbolta á kvöldin, datt í það með strákunum um helgar. Náði ágætu prófi, enda skaffar hann vel. Ég hef ekki undan neinu að kvarta. Og ekki hann heldur.

„En hvað?“

„Einhver stelpugæs plataði hann upp úr skónum. Smáþisl með galtóman haus og lakkadar neglur. Sá held ég að finni fyrir því núna að þurfa að sjá um alla hluti sjálfur.“

En veistu það, Bryndís, ég held ég mundi taka við honum aftur. Ég nenni ekki að fara að ala upp nýjan mann eftir allt það sem ég hef á mig lagt.“



Brúðhjónin, Steingrímur Ólafsson og Linda Sif Þorlákssdóttir.

BRÚÐHJÓN VIKUNNAR

Á ég ekki að kannast við þig?

Brúðhjón vikunnar eru Steingrímur Ólafsson og Linda Sif Þorlákssdóttir. Þau voru gefin saman í Dómkirkjunni 10. júní. Prestur var séra Sigurður Haukur Guðjónsson og ræðumaður Kristján Björnsson.

Steingrímur og Linda Sif bjuggu við sömu götu þegar þau voru krakkar. En leiðir skildu og þegar þau hittust á Borginni fyrir þremur árum höfðu þau ekki sést í fimm ár. „Ég var á dansgólfinu þegar ég

sá hann,“ segir Linda Sif. „Augu okkar mættust og ég ákvað strax að reyna við hann.“ „Og ég við hana,“ skýtur Steingrímur inni. „Það má því eiginlega segja að þetta hafi verið ást við fyrstu sýn,“ heldur Linda Sif áfram. „Hann rak sig í mig seinna á ballinu en guggnaði. Ég náði honum svo þar sem hann stóð í útidyrnum og sagði: „Á ég ekki að kannast við þig?“ Það má segja að við höfum búið saman síðan.“

Steingrímur flutti út þremur dögum fyrir brúðkaupið og kvöldið eftir héldu vinir brúðhjónanna samkvæmi fyrir þau, hvort í sínu lagi. Daginn eftir var æfing í kirkjunni. „Þegar ég sá Steingrím kom mér fyrst í hug að sennilega væri best að fresta giftingunni,“ segir Linda Sif. „Hann var svo fötur, greyið.“

Athöfnin í kirkjunni var sérstæð að því leyti að vinur hjónanna hélt ræðu. „Okkur fannst persónulegra að einhver sem þekkti okkur bæði talaði,“ segir Steingrímur. Aðeins eitt fordæmi er fyrir því á Íslandi að óvígður maður tali við hjónavígslu.

Um kvöldið var haldin veisla til heiðurs brúðhjónunum. Þau stigu brúðarvals samkvæmt hefðbundinni venju og á eftir lék Bítlavinafélagið fyrir dansi. „Við vorum sammála um að veislan ætti að vera skemmtileg og ég held að flestir hafi skemmt sér vel,“ segir Steingrímur. Þess má til gamans geta að meðal veitinga í veislunni var sex hæða brúðkaupsterta skreytt lifandi blómum.

Steingrímur og Linda Sif fóru í brúðkaupsferð norður á land, nánar tiltekið í Vatnsdalinn, þar sem þau dvöldust í eina viku í sumarbústað. „Þetta var afskaplega rómantískur staður,“ segir Linda Sif. „Aðeins útúr og ekkert rafmagn, bara olíulampar.“

Ungu hjónin eru sammála um að giftingin hefði haft áhrif á sambandið. „Það hefur styrkt,“ segir Linda Sif og Steingrímur tekur undir. „Við getum ekki hlaupið burt þegar koma upp vandamál. Við verðum að leysa þau í sameiningu.“

Þau giftu sig

Hafðís Stefánsdóttir og Eidur Arnarson, Reykjavík
Elín Ósk Ólafsdóttir og Kjartan Ólafsson, Reykjavík
Stefanía Valgeirsdóttir og Kristmundur Jónsson, Keflavík

Ásta Kristín Gunnarsdóttir og Oddur Björnsson, Reykjavík

Alma Dögg Jóhannsdóttir og Guðmundur Ólafur Helgason, Kópavogi

Júlfa Tryggvadóttir og Ólafur Tryggvason, Vestmannaeyjum

Halldóra Sædis Halldórsdóttir og Guðmundur Pétur Bauer, Reykjavík

Kristín Bauer og Gunnar Oddsson, Reykjavík

Sólveig Margrét Magnúsdóttir og Stefán Karl Harðarson, Hafnarfirði

Eva Sævarsdóttir og Ágúst Guðmundsson, Reykjavík

Anna María Jónsdóttir og Guðlaugur Kr. Sigurðsson, Reykjavík

Arna Ingólfsdóttir og Páll Hreinsson, Hafnarfirði

Sigríður Guðný Guðnadóttir og Gunnar Guðjónsson, Þorlákshöfn

Ágúst Már Jónsson og Guðný Þorvarðardóttir, Reykjavík

Kristín Skúladóttir og Snorri Waage, Reykjavík

Sigríður Birna Thorarensen og Þorsteinn Marínó Gunnarsson, Reykjavík

Þorvarður Guðmundsson og Ingunn Pedersen, Keflavík

RAUDI KROSSINN

Mannúð og menning

Þessa dagana stendur Ungmennahreyfing Rauða krossins fyrir tveggja vikna sumarnámskeiði fyrir börn sem ber yfirskriftina Mannúð og menning. Námskeiðið er ætlað börnum á aldrinum átta til tíu ára og stendur yfir í tvær vikur. Blaðamaður leit inn í Rauða-krosshúsið við Tjarnargötu í vikunni og forvitnaðist um námskeiðið.

Þennan morgun var mikið um að vera á námskeiðinu. Krakkarnir voru önnur kafnir við að mála afrískt umhverfi á hópmynd en á bakvið þá hljómaði afrísk trumbútonlist. Blaðamaður leitaði uppi annan leiðbeinadann á námskeiðinu, Völu Magnadóttur, og spurðist

fyrir um markmið þess. „Tilgangur námskeiðsins er m.a. að kynna starfsemi Rauða krossins. Við fjöllum um upphaf hreyfingarinnar, tilgang hennar og störf innanlands og á alþjóðavettvangi. Auk þess verður kynning á umhverfisvernd, rætt um gróðureyðingu og mengun í lofti sjó og á landi. Svo má heldur ekki gleyma hinum liðnum á dagskrá þ.e. menningunni. Við kynnum okkur síði annarra landa og fórum á íslensk söfn. Síðasti hópur fór t.d. á Listasafn Íslands. Börnin voru ekki ýkja hrifin þegar við sögðum þeim hvert ferðinni væri heitið,“ segir Vala. „En þegar til kom ætluðu krakkarnir aldrei að fást heim.“

Á námskeiðinu er unnið með verkefnum með margvíslegum hætti. Mikið er málað og sungið, sögur eru sagðar og farið í stuttar kynnisferðir. Þegar tækifæri gefst er farið í útileiki.

Mikil aðsókn hefur verið að námskeiðunum tveimur sem haldin hafa verið í Reykjavík. Í bígerð er að halda námskeið í Hafnarfirði að þessu loknu og ef til vill á Akureyri og í Mosfellsbæ. Einungis fimmtán þátttakendur eru á hverju námskeiði.



Valgerður og Inga Póra.

Morgunblaðið/Bjarni



Vigdís, Ásdís, Ingibjörg, Áslaug og Hallgrímur.